

Sent til hagsmunaaðila:

Reykjavík, 27. október 2021
Tilv.: 2109003

Efni: Umsagnarbeiðni vegna fyrirhugaðra kaupa Ferðaskrifstofu Íslands ehf. á rekstri Heimsferða ehf.

1. Samkeppniseftirlitið hefur til meðferðar fyrirhuguð kaup Ferðaskrifstofu Íslands ehf. á rekstri Heimsferða ehf. (hér eftir „samrunaaðilar“). Um er að ræða aðra tilkynningu fyrirtækjanna vegna samrunans en fyrirtækin drógu til baka fyrri tilkynningu þann 2. september sl., sbr. frétt á vef Samkeppniseftirlitsins. Samkeppniseftirlitið hefur það hlutverk samkvæmt samkeppnislögum að leggja mat á það hvort samruni fyrirtækja raski samkeppni og skaði þar með hagsmuni almennings. Liður í slíkri rannsókn er að afla sjónarmiða fyrirtækja sem eftir atvikum eru keppinautar eða viðskiptavinir samrunaaðila.
2. Samkeppniseftirlitinu barst bréf frá samrunaaðilum þann 15. október sl. (hér eftir „bréfið“) ásamt þremur fylgiskjölum. Bréfið án trúnaðarupplýsinga ásamt fylgiskjölunum „Skilyrði A“ og „Skilyrði B“ fylgir hjálagað án trúnaðarupplýsinga. Í bréfinu eru rakin sjónarmið samrunaaðila um breyttar aðstæður á markaði málsins árið 2021 og frummati Samkeppniseftirlitsins um skilgreiningu markaða og samkeppnisleg áhrif samrunans mótmælt.
3. Samkeppniseftirlitið óskar eftir sjónarmiðum fyrirtækis þíns um meðfylgjandi sjónarmið samrunaaðila.
4. Þá óskar Samkeppniseftirlitið sérstaklega eftir sjónarmiðum um eftirfarandi:
 - a) Í bréfinu kemur fram það mat samrunaaðila að aðstæður á þeim markaði sem þeir starfi á hafi breyst í grundvallaratriðum á undanförunum árum. Áætlunarflugfélög hafi í auknum mæli hafið sölu á stökum flugsætum til sólaráfangastaða sem komi niður á sölu ferðaskrifstofa á hefðbundnum pakkaferðum. Rík staðganga sé á milli sölu stakra flugsæta og pakkaferða, og viðskiptavinir sem áður hefðu keypt pakkaferðir sæki í auknum mæli til áætlunarflugfélaganna. Óskað er sjónarmiða fyrirtækisins um framangreint.
 - b) Í mgr. 6 í bréfinu kemur fram það mat samrunaaðila að þrjár stærstu ferðaskrifstofurnar, samrunaaðilar auk VITA, keppi ekki við minni innlendar ferðaskrifstofur í sölu ferða til sólaráfangastaða, t.d. Tenerife og Alicante. Innkoma áætlunarflugfélaga á markað fyrir sölu stakra flugsæta beint til neytenda hafi gjörbylt samkeppni á markaðnum fyrir pakkaferðir ferðaskrifstofa. Með hliðsjón af framangreindu er óskað sjónarmiða fyrirtækisins um framangreint og svörum við neðangreindum spurningar (sjá excel skjal til útfyllingar).
 - i. Hversu mikið eða lítið samkeppnislegt aðhald telur fyrirtæki þitt að minni ferðaskrifstofur veiti samrunaaðilum og VITA í sölu pakkaferða?



- ii. Hversu mikið eða lítið samkeppnislegt aðhald telur fyrirtæki þitt að áætlunarflug veiti samrunaaðilum í sölu pakkaferða?
 - iii. Hversu mikið eða lítið samkeppnislegt aðhald telur fyrirtæki þitt að pakkaferðir áætlunarflugfélaga veiti samrunaaðilum í sölu pakkaferða?
 - iv. Hversu mikið eða lítið samkeppnislegt aðhald telur fyrirtæki þitt að hótél veiti samrunaaðilum í sölu pakkaferða?
 - v. Hversu mikið eða lítið samkeppnislegt aðhald telur fyrirtæki þitt að erlendar bókunarsíður, s.s. Booking.com, Expedia, Dohop, Trivago o.s.frv. (og þá sérstaklega pakkaferðir sem þessir aðilar bjóða upp á), veiti samrunaaðilum?
- c) Telur fyrirtæki þitt vera marktækan mun á milli eftirfarandi vara og þjónustu þegar horft er til neyslumynsturs viðskiptavina, einingaverðs (innkaups- og útsöluverðs), markaðssetningar, þeirra markhópa sem þjónustunni er beint að o.s.frv. (sjá excel skjal til útfyllingar):
- i. Þeim pakkaferðum sem stærri ferðaskrifstofur (samrunaaðilar og VITA) selja og þeim pakkaferðum sem minni ferðaskrifstofur selja?
 - ii. Þeim pakkaferðum sem stærri ferðaskrifstofur (samrunaaðilar og VITA) selja og sölu sæta í áætlunarflug?
 - iii. Þeim pakkaferðum sem stærri ferðaskrifstofur (samrunaaðilar og VITA) selja og pakkaferðum sem áætlunarflugfélög selja?
 - iv. Þeim pakkaferðum sem stærri ferðaskrifstofur (samrunaaðilar og VITA) selja og bókunum á heimasíðum hótela hins vegar?
 - v. Þeim pakkaferðum sem stærri ferðaskrifstofur (samrunaaðilar og VITA) selja og þjónustu bókunarsíðna þar sem hægt er að bóka flug og gistingu?
- d) Hvaða fyrirtæki telur fyrirtæki þitt vera þrjá helstu keppinauta samrunaaðila?
- e) Í mgr. 28 og 29 í bréfinu kemur fram það mat samrunaaðila að þær breytingar sem orðið hafi á árinu 2021 geri það að verkum að engar lagalegar forsendur séu fyrir öðru en að heimila samruna þeirra án skilyrða. Fallist Samkeppniseftirlitið ekki á það, leiði sömu sjónarmið til þess að heimila beri samrunann án mjög íþyngjandi skilyrða.

Óskað er sjónarmiða fyrirtækis þíns um það hvort að þær breytingar sem hafi átt sér stað á undanfögnu ári geri það að verkum að tilefni sé til þess að heimila samrunann án skilyrða.

5. Um heimild Samkeppniseftirlitsins til að afla framangreindra sjónarmiða vísast til 19. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkvæmt samkeppnislögum ber Samkeppniseftirlitinu að ljúka rannsókn samrunamála innan tiltekinna tímafresta. Er því nauðsynlegt að gagnaöflun gangi greiðlega fyrir sig. Er óskað eftir því að svarbréf berist eftirlitinu eigi síðar en **3. nóvember 2021** á netfangið magnus@samkeppni.is.
6. Innihaldi sjónarmið og svör fyrirtækisins trúnaðarupplýsingar er mikilvægt að slíkt komi fram og að Samkeppniseftirlitinu berist þá afrit af svarinu án trúnaðarupplýsinga, sbr. 2. mgr. 16. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins.



Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið


Magnús Þór Kristjánsson